

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags íslenskra hljómlistarmanna**

77. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna var haldinn þriðjudaginn 31. ágúst 2021. Fundurinn var fjarfundur á Teams og hófst hann kl. 8:30.

Mætt voru f.h. FÍH, Gunnar Hrafnson, Freyja Gunnlaugsdóttir og Eyþór Ingi Kolbeins, af hálfu SNS, Inga Rún Ólafsdóttir, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Tillaga stjórnar Starfsmenntunarsjóðs FÍH um breytingar á samþykktum sjóðsins

Stjórn starfsmenntunarsjóðs FÍH hefur lagt fram tillögu um breytingar á samþykktum Starfsmenntunarsjóðs FÍH og óskað eftir staðfestingu samningsaðila á umræddum breytingum.

Tillagan gerir ráð fyrir því að frá og með 1. ágúst 2021 verði opnað á styrkveitingar úr tveimur nýjum deildum innan sjóðsins. Annarsvegar er um að ræða deild sem fær nafnið E deild sem hefur það að markmiði að styrkja félagsmenn vegna lokinna ECTS eininga sem tengjast tónlistarkennarastarfinu. Hinsvegar er um að ræða einstaklingsbundinn styrktarsjóð sem fær nafnið F deild sem veitir m.a. styrki til andlegrar og/eða líkamlegrar sjálfseflingar. Samhliða er lagt til að breyting verði gerð á markmiðsgrein sjóðsins, gr. 1.2., þar sem fram kemur að sjóðurinn styrki bæði faglega starfsþróun og andlega og líkamlega sjálfseflingu félagsmanna. Þá hefur stjórn sjóðsins samhliða lagt til ýmsar minni breytingar í samræmi við framangreint og lagt fram skjal með samþykktum til samningsaðila þar sem allar breytingar eru rekjanlegar.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála framangreindum tillögum um breytingar á samþykktum Starfsmenntunarsjóðs FÍH og samþykkir að þær breytingar sem lagðar eru til taki gildi frá og með 1. ágúst 2021. Fulltrúar í samstarfsnefnd munu staðfesta þessa ákvörðun með rafrænni undirritun skjalsins „Frumrit_Samþykktir StarfsmenntunarsjodsFIH_Gildistaka 1. ágúst 2021“

2. Önnur mál

Enginn önnur mál.

Fundi slitið klukkan 9:45.